

Bt. Skipulagsfulltrúa Múlaþings

Sigurður Jónsson

Efni: Tillögur að breytingu á skipulagi við Lónsleiru 11 Seyðisfirði.

Vegna fyrirhugaðra breytinga á aðalskipulagi/deiliskipulagi við Lónið óskar Byggingarfélagið Stofn ehf./ Jóhann Emilsson eftir því að gerð verði breyting á Lónsleiru 11 samkvæmt meðfylgjandi uppdráttum.

Uppdráttur er tillaga að breytingu, en hugsa má aðrar útfærslur.

Breytingin felur einkum sér að stækka lóðina út í Lónið og byggja þar hús á stöplum og með timburgólfi. Húsið mun fara vel í umhverfi og styrkja ásýnd Lónsins til muna, ásamt því að auka lifandi umhverfi við Lónið. Einnig mun breytingin vera í samræmi við uppbyggingaráætlanir Tæknimínjasafnsins og vera í stíl við þau pakkhús sem fyrirhugað er að endurreisa á vegum safnsins. Göngustígur sem er við kantinn á Lóninu mun færast lítilsháttar ofar og koma í undirgöng gegnum húsið.

Gert er ráð fyrir að byggja fyrra húsið í Lóninu og síðar húsið á landi.

Tvö fyrirtæki munu hafa þarna aðsöðu, byggingarfyrirtækið Stofn ehf. sem vinnur að verkinu og endurbyggingum á Austurlandi og fyrirhugað fyrirtæki um bruggun bjórs á staðnum. (mini bruggvinnsla). Bæði fyrirtækin munu auka atvinnu í héraði og skapa umhverfi sem gerir Seyðisfjörð að áhugasömum áfangastað .

f.h. Byggingarfélagsins Stofn ehf. Bragi Blumenstein/Jóhann Emilsson